

**Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-september 2012**

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2012 liggur nú fyrir. Handbært fé frá rekstri batnaði á milli ára og var neikvætt um 42,3 ma.kr. samanborið við 67,4 ma.kr. á sama tímabili 2011. Tekjur reyndust 39,8 ma.kr. hærri en í fyrra á meðan að gjöldin jukust um 10,6 ma.kr. milli ára. Þetta er betri niðurstaða en gert var ráð fyrir í áætlunum þar sem gert var ráð fyrir að handbært fé frá rekstri yrði neikvætt um 66 ma.kr. Hluti af því fráviki skýrist með því að raundreifing gjalda og tekna hefur verið önnur en gert var ráð fyrir. Inni í heimildum er búið að taka tillit til fjárheimildastöðu frá fyrra ári.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-september 2012 (m.kr.)

	<u>2008</u>	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>
Innheimtar tekjur	332.406	307.114	335.831	323.818	363.604
Greidd gjöld	318.569	384.412	392.127	391.484	402.075
Tekjujöfnuður	13.837	-77.298	-56.296	-67.666	-38.471
Breyting rekstartengdra eigna og skulda	5.363	-11.390	-17.311	260	-3.781
Handbært fé frá rekstri	19.200	-88.688	-73.607	-67.406	-42.252
Fjármunahreyfingar	8.540	11.826	-31.934	65.752	-30.515
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	27.740	-76.862	-105.541	-1.654	-72.767
Afborganir lána	-45.486	-99.096	-140.743	-143.734	-210.624
Innanlands	-30.019	-72.747	-72.837	-56.213	-53.091
Erlendis	-15.467	-26.349	-67.906	-87.521	-157.533
Greiðslur til LSR og LH	-2.970	0	0	0	0
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-20.716	-175.958	-246.284	-145.734	-283.391
Lántökur	208.397	158.396	291.069	209.982	213.532
Innanlands	101.710	150.945	159.408	85.538	84.817
Erlendis	106.687	7.451	131.661	124.444	128.715
Breyting á handbæru fé	187.681	-17.562	44.785	64.594	-69.859

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrstu níu mánuðum ársins jukust um 12,2% á milli ára og námu alls 363,6 ma.kr. Í tekjuáætlun fjárlaga var gert ráð fyrir tekjum að fjárhæð 343,2 ma.kr. og er innheimtan því 20,4 ma.kr. eða 5,9% yfir áætlun. Þessu mikla fráviki ber þó að taka með ákveðnum fyrirvara þar sem arðgreiðslur hafa innheimst fyrr en reiknað var með auk þess sem nokkuð hefur innheimst af óreglulegum tekjum sem ekki var áætlað fyrir en nánar verður vikið að þeim síðar eftir því sem tilefni er til. Ef leiðrétt er fyrir þessum atriðum nemur innheimta á fyrstu níu mánuðum ársins 354,2 ma.kr. sem er 11,0 ma.kr. eða 4,1% yfir áætlun.

Skatttekjur og tryggingagjöld námu 334,0 ma.kr. á tímabilinu sem er 11,0% aukning á milli ára og 4,9% yfir tekjuáætlun. Þar af jókst tekjuskattur einstaklinga um 9,1% á milli ára og



nam 72,1 ma.kr. sem er 6,3% yfir áætlun. Samanlögð skil launagreiðenda á tekjuskatti og útsvari af launum á fyrstu 9 mánuðum ársins jukust um tæplega 9% á milli ára og því ljóst að skattstofn tekjuskatts hefur styrkst umtalsvert að undanfögnu sem m.a. má rekja til kjarasamninga sem tóku gildi síðasta sumar. Frávik í innheimtu tekjuskatts frá áætlun má annars vegar rekja til þess að launahækkningar hafa reynst nokkru meiri en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga og hins vegar til þess að úttektir séreignarsparnaðar hafa reynst meiri en reiknað var með.

Fjármagnstekjuskattur nam 21,5 ma.kr. sem er 21,1% lægri fjárhæð en á síðasta ári og 5,9% undir áætlun. Þetta neikvæða frávik, sem að hluta til má rekja til óvenju mikilla endurgreiðslna til lögaðila á árinu, gefur þó ekki endilega vísbendingu um þróun innheimtunnar á árinu í heild þar sem hún er mjög sveiflukennd á milli mánaða. Auk þess hefur frávik innheimtunar frá áætlun fjárlaga minnkað jafnt og þétt yfir árið.

Tekjur ríkissjóðs janúar-september 2010-2012

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2010	2011	2012	2010	2011	2012
Skatttekjur og tryggingagjöld	292.962	300.855	334.038	8,9	2,7	11,0
Skattar á tekjur og hagnað	99.049	104.509	116.498	-10,0	5,5	11,5
Tekjuskattur einstaklinga	64.409	66.107	72.137	9,1	2,6	9,1
Tekjuskattur lögaðila	8.896	11.113	22.825	-24,7	24,9	105,4
Skattur á fjármagnstekjur	25.744	27.290	21.536	-34,3	6,0	-21,1
Eignarskattar	4.778	5.542	9.249	33,7	16,0	66,9
Skattar á vöru og þjónustu	133.657	131.485	146.367	14,4	-1,6	11,3
Virðisaukaskattur	88.539	83.498	93.046	13,0	-5,7	11,4
Vörugjöld af ökutækjum	1.161	1.995	3.160	-20,9	71,8	58,4
Vörugjöld af bensíni	8.812	9.181	9.002	5,0	4,2	-2,0
Skattar á olíu	4.679	4.716	5.103	5,0	0,8	8,2
Áfengisgjald og tóbaksgjald	11.136	11.575	12.327	8,1	3,9	6,5
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	19.330	20.520	23.730	39,7	6,2	15,6
Tollar og aðflutningsgjöld	4.688	4.887	5.360	27,2	4,2	9,7
Aðrir skattar	5.769	5.873	8.040	11,7	1,8	36,9
Tryggingagjöld	45.020	48.558	48.524	51,9	7,9	-0,1
Fjárframlög	592	673	643	40,9	13,6	-4,6
Aðrar tekjur	23.904	21.855	27.607	-36,4	-8,6	26,3
Sala eigna	19.559	657	1.316	-	-	-
Tekjur alls	337.017	324.041	363.604	9,6	-3,9	12,2

Tekjuskattur lögaðila nam 22,8 ma.kr. sem er 11,3 ma.kr. yfir áætlun. Hluta þessa fráviks má rekja til uppgjóra fyrri ára sem höfðu í för mér sér 3,8 ma.kr. viðbóartekjur á tímabilinu, en slík uppgjör geta ýmist leitt til inn- eða útgreiðslna fyrir ríkissjóð. Ef litið er framhjá áhrifum eldri uppgjóra nam tekjuskattur lögaðila 19,0 ma.kr. sem er 7,5 ma.kr. yfir áætlun. Þetta frávik er vissulega stórt en viðbúið er að það minnki á síðustu mánuðum ársins. Ástæðan er sú að dreifing áætlunar um innheimtu tekjuskatts lögaðila niður á einstaka



mánuði kann að vera afturhlaðin í þeim skilningi að hún byggist á því að talsvert hátt hlutfall ársinnheimtunnar innheimtist á síðustu tveimur mánuðum ársins eins og gerðist á síðastliðnu ári. Álagning á lögaðila 2012 liggur nú fyrir og var aðeins betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Engu að síður stefnir í að innheimta tekjuskatts lögaðila verði nokkuð undir áætlun á síðustu mánuðum ársins sem mun leiða leiða til þess að ársfrávikið lækkar.

Tryggingagjald lækkaði um 0,1% á milli ára og nam 48,5 ma.kr. sem er 1 ma.kr. yfir áætlun. Athygli vekur að innheimtan hefur staðið í stað á milli ára þrátt fyrir að tryggingagjaldsprósentan hafi lækkað úr 8,65% í 7,79%. Ástæðan er sú að heildarlaunastofninn í janúar-ágúst er rúmlega 9% hærrí í ár en í fyrra sem er nokkru meiri vöxtur en reiknað var með við gerð tekjuáætlunar.

Tekjur af eignarsköttum námu 9,2 ma.kr. sem er 0,7 ma.kr. yfir áætlun. Ef litið er framhjá 1,4 ma.kr. greiðslu frá lífeyrissjóðum vegna sérstakrar vaxtaniðurgreiðslu, sem flokkuð er sem eignarskattur, er innheimta eignarskatta 0,7 ma.kr. undir áætlun. Þar munar einna mest um 0,5 ma.kr. minni innheimtu auðlegðarskatts en reiknað var með. Sérstaka greiðslan frá lífeyrissjóðum er vegna ársins 2011 og var gjalddagi hennar í lok árs 2011 en eindagi mánuði síðar. Af þeim sökum var ekki gert ráð fyrir þeirri greiðslu í tekjuáætlun 2012.

Tekjur af sköttum á vöru og þjónustu jukust um 11,3% á milli ára og námu 146,4 ma.kr. sem er 0,1 ma.kr. undir áætlun. Ef litið er til fjögurra mánaða meðaltals er uppsöfnuð hækkun innheimtra tekna af sköttum á vöru og þjónustu í takt við verðlagsbreytingar. Tekjur af virðisaukaskatti, sem vegur þyngst meðal óbeinna skatta, námu 93,0 ma.kr. sem er 0,5 ma.kr. undir áætlun. Tekjur af virðisaukaskatti eru mjög sveiflukenndar, m.a. vegna endurgreiðslna innskatts, og tölur fyrir einstaka mánuði því vart marktækar í samanburði við áætlanir. Tekjur af bensíngjöldum lækkuðu um 2,0% á milli ára og námu 9,0 ma.kr. sem er 9,7% undir áætlun. Af þessari innheimtu er ljóst að áætlun fjárlaga um tekjur af bensíngjöldum er of há og hefur hún því verið lækkuð nokkuð í frumvarpi til fjárukalaga. Tekjur af olíugjaldi eru aftur á móti í takt við áætlanir og því bendir allt til þess að hækkandi eldsneytisverð síðastliðinna missera hafi mun sterkari eftirspurnaráhrif á bensín en olíu. Þetta kemur í sjálfu sér ekki á óvart þar bensínbílar eru uppistaðan í bílaflota heimilanna.

Tekjur af vörugjöldum af ökutækjum hafa aukist verulega á milli ára eða um 58,4% sem endurspeglar stóraukinn innflutning bifreiða. Aukinn innflutningur bílaleigubifreiða á stóran þátt í aukningunni. Innheimtan nemur 3,2 ma.kr. sem er 0,9 ma.kr. yfir áætlun. Áfengis- og tóbaksgjöld jukust um 6,5% á milli ára og námu 12,3 ma.kr. sem 0,4 ma.kr. yfir áætlun. Það frávík skiptist jafnt á milli áfengis- og tóbaksgjalds. Tölur um sölu áfengis og tóbaks á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins benda til þess að gjaldstofn áfengisgjalds hafi lækkað nokkuð á milli ára á meðan gjaldstofn tóbaksgjalds hefur lækkað. Tölur um tóbakssölu sýna jafnframt sterk víxláhrif því neytendur virðast í auknu mæli færa sig úr sígarettum og vindlum yfir í hagkvæmari valkosti, þ.e. reykþóbak og neftóbak. Þannig hefur magn seldra vindla og sígarettna dregist saman á meðan magn reykþóbaks hefur stóraukist.



Aðrar tekjur jukust um rúm 26% á milli ára og námu alls 27,6 ma.kr. sem er 4,3 ma.kr. yfir áætlun. Það frávik má að mestu rekja til arðgreiðslna frá Landsvirkjun og Seðlabankanum auk 1 ma.kr. söluhagnaðar vegna gjaldeyrisútboða Seðlabankans sem haldin voru sumarið 2011 og á þessu ári. Ekki hafði verið gert ráð fyrir þessum tekjum nema að litlu leyti í tekjuáætlun fyrir fyrstu þrjá ársfjórðunga ársins.

Greidd gjöld námu 402,1 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 10,6 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 2,7%. Greidd gjöld voru um 6,5 ma.kr. innan fjárheimilda tímabilsins eða 1,6%. Útgjöld til málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

Vaxtagjöld ríkissjóðs jukust um 5,4 ma.kr. milli ára sem var í samræmi við áætlanir. Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu jukust um 622 m.kr. en voru 2,9 ma.kr. innan fjárheimilda tímabilsins sem skýrist að mestu með annarri dreifingu útgjalda en gert var ráð fyrir. Útgjöld til almennatrygginga og velferðarmála drógust saman um 3,2 ma.kr. milli ára og voru jafnframt 252 m.kr. innan heimilda. Breytingin milli ára skýrist að langstærstu leyti með greiðslu vaxtabóta sem voru 3,7 ma.kr. lægri en á síðasta ári og 2,2 ma.kr. innan heimilda. Þá drógust greiðslur til Atvinnuleysistryggingasjóðs saman um 1,8 ma.kr. milli ára en voru tæpan 1,5 ma.kr. umfram áætlanir. Barnabætur drógust saman um 344 m.kr. milli ára og greiðslur Fæðingaorlofssjóðs um 390 m.kr. Á móti jukust greiðslur vegna Lífeyristrygginga um 1,4 ma.kr. milli ára og voru 1,5 ma.kr. umfram heimildir og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð um 1,1 ma.kr. og voru 484 m.kr. umfram heimildir, en áhrif kjarasamninga síðasta árs hafa þarna mikil áhrif.

Útgjöld til heilbrigðismála jukust um 3,4 ma.kr. milli ára og voru jafnframt 1,2 ma.kr. umfram heimildir. Útgjöld Landspítala jukust um 2,2 ma.kr. milli ára og voru jafnframt 2,5 ma.kr. umfram það sem gert var ráð fyrir sem skýrist að öllum líkindum með annarri dreifingu raunútgjalda en gert var ráð fyrir. Útgjöld vegna Sjúkratrygginga jukust um 241 m.kr. milli ára og voru jafnframt 589 m.kr. umfram fjárheimildir. Þá jukust útgjöld Framkvæmdasjóðs aldgraða um 1,1 ma.kr. Útgjöld til efnahags- og atvinnumála voru svipuð og á sama tímabili árið 2011 en voru 3,4 ma.kr. innan heimilda sem skýrist að mestu með stöðu ýmissa sjóða og safnliða sem gert er ráð fyrir að ráðstafa á seinni hluta ársins. Útgjöld til menntamála voru 2,5 ma.kr. hærrí en á sama tímabili í fyrra en 1,5 ma.kr. innan fjárheimilda tímabilsins. Útgjöld vegna framhaldsskóla jukust um 1,1 ma.kr. milli ára en voru 873 m.kr. innan heimilda. Útgjöld Háskóla Íslands jukust um 689 m.kr. milli ára en voru 640 m.kr. innan heimilda. Útgjöld til menningar-, íþróttá- og trúmála voru 151 m.kr. hærrí en á sama tímabili í fyrra en voru 978 m.kr. lægri en fjárheimildir tímabilsins gerðu ráð fyrir.

Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála jukust um 1,5 ma.kr. milli ára en voru lítillaga innan heimilda tímabilsins. Aukningin milli ára skýrist að stærstum hluta með útgjöldum Landhelgisgæslunnar sem aukast um 508 m.kr. milli ára og eru jafnframt 172 m.kr. umfram heimildir. Þá aukast útgjöld Sérstaks saksóknara um 219 m.kr., Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um 170 m.kr. og Héraðsdómstóla um 115 m.kr. Útgjöld Ofanflóðasjóðs aukast um 278 m.kr. milli ára en eru 741 m.kr. innan heimilda



tímabilsins. Útgjöld til umhverfisverndar eru 197 m.kr. hærri í ár en á sama tíma í fyrra en voru 288 m.kr. innan áætlana. Útgjöld Umhverfisstofnunar aukast um 68 m.kr. milli ára og útgjöld Vatnajökulspjóðgarðs um 20 m.kr. Úrvinnslusjóður er 256 m.kr. innan heimilda en útgjöld hans aukast um 54 m.kr. milli ára. Þá eru útgjöld Endurvinnslunnar 157 m.kr. innan heimilda en aukast um 45 m.kr. milli ára. Útgjöld til Varnarmála drógust saman um 291 m.kr. og voru jafnframt 239 m.kr. innan heimilda tímabilsins. Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála drógust lítillega saman milli ára eða um 118 m.kr. og voru jafnframt lítillega innan heimilda. Óregluleg útgjöld jukust um 481 m.kr. milli ára og voru jafnframt 2,3 ma.kr. umfram fjárheimildir. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga voru 725 m.kr. hærri en á síðasta ári og jafnframt 1,9 ma.kr. hærri en gert hafði verið ráð fyrir. Þá var greiddur fjármagnstekjuskattur 336 m.kr. hærri en gert hafði verið ráð fyrir en var svipaður en 342 m.kr. lægri en á sama tímabili í fyrra.

Gjöld ríkissjóðs janúar-september 2010-2012

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2010	2011	2012	2011	2012
Almenn opinber þjónusta	88.980	85.885	91.862	-3,5	7,0
þar af vaxtagreiðslur	56.235	51.725	57.080	-8,0	10,4
Varnarmál	1.120	1.087	796	-3,0	-26,7
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	13.277	14.184	15.722	6,8	10,8
Efnahags- og atvinnumál	43.323	39.928	39.881	-7,8	-0,1
Umhverfisvernd	3.369	3.414	3.610	1,3	5,8
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	483	290	171	-40,0	-40,9
Heilbrigðismál	82.723	84.703	88.134	2,4	4,1
Menningar-, íþrótt- og trúmál	12.170	11.889	12.040	-2,3	1,3
Menntamál	37.509	35.385	37.836	-5,7	6,9
Almannatryggingar og velferðarmál	97.950	106.191	103.013	8,4	-3,0
Óregluleg útgjöld	11.222	8.528	9.008	-24,0	5,6
Gjöld alls	392.127	391.484	402.075	-0,2	2,7

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnuður var neikvæður um 72,8 ma.kr. í lok þriðja ársfjórðungs en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um 1,7 ma.kr.

Afborganir af lánum ríkissjóðs námu 210,6 ma.kr., þar af voru 157,5 ma.kr. vegna erlendra lána. Ríkissjóður nýtti lánsloforð frá Norðurlöndunum í árslok 2011 fyrir sem svarar 103 ma.kr. og notaði af því 44,6 ma.kr. til endurgreiðslu lána Norðurlanda í mars. Þá greiddi ríkissjóður upp erlent lán sem var á gjalddaga í apríl að jafnvirði 27,7 ma.kr. og greiddi enn niður lán Norðurlanda í júní fyrir um 78 ma.kr. á móti erlendri lántöku í júní s.l. Aðrar



erlendar afborganir námu 7,3 ma.kr. Innlendar afborganir námu 53,1 ma.kr., þar af nam innlausn markflokks ríkisbréfa á gjalddaga í ágúst 49,3 ma.kr.

Lántökur námu 213,5 ma.kr. á tímabilinu, þar af voru 84,8 ma.kr. gefnir út innanlands. Gefin voru út ríkisbréf fyrir um 73,2 ma.kr., þar af verðtryggð ríkisbréf fyrir um 25,7 ma.kr. og óverðtryggð fyrir um 47,5 ma.kr. Einnig voru gefin úr ríkisbréf vegna SpKef fyrir 19,2 ma.kr. í sérstökum flokki ríkisbréfa. Önnur útgáfa ríkissjóðs á tímabilinu nam 5,9 ma.kr. Stofn ríkisvixla lækkaði á móti um 13,4 ma.kr. Í maí gaf ríkissjóður gaf út skuldabréf að fjárhæð 1 milljarði Bandaríkjadala, að jafnvirði 124,5 milljörðum króna. Endurmat gjaldeyrisreikninga var jákvætt um 4,2 ma.kr.